



## Úthlutunarreglur kennslustundafjölda til grunnskóla í Fjarðabyggð

### Nemendafjöldi í námshópum

Við úthlutun er miðað við að nemendafjöldi í námshóp 6-9 ára barna verði ekki meiri en 20 nemendur og ekki minni en 12 nemendur. Miðað er við að nemendafjöldi í námshóp 10 -15 ára barna verði ekki meiri en 23 nemendur og ekki minni en 12 nemendur. Reiknað er með að námshópar geti verið samansettir úr fleiri en einum árgangi, t.d. 1. og 2. bekkur í sama námshóp og 3. og 4. bekkur o.s.frv. eða ef fjöldi í skóla er lítill þá geti námshópar verið myndaðir úr fleiri en tveimur árgöngum.

**Skiptistundir** reiknast út frá fjölda nemenda í námshópum. Við úthlutun er gert ráð fyrir að nemendafjöldi í námshópum í list- og verkgreinum, þ.e. handmennt (hannyrðum og smíðum), heimilisfræði, myndmennt og tónmennt eða annað val í list- og verkgreinum verði ekki meiri en 12. Auk þess eru 4 stundum bætt við í hverjum skóla til að auka val í elstu bekkjum. Í sundi skal miða við að nemendafjöldinn verði að hámarki 15.

**Sérkennslustundir** fást með því að margfalda nemendafjölda með 0,25. Auk þess er úthlutað ákveðnum fjölda viðbótarstunda sem ákveðinn er í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar hvers árs. Viðbótarstundum er skipt milli skóla samkvæmt tillögu stoðþjónustu.

**Kennslustundir til kennslu innflytjendabarna** eru fengnir með því að margfalda fjölda innflytjendabarna með einum, ef innflytjendabörn eru færri en 5 í skólanum er heimilt að tvöfalfa stundafjöldann.

**Klukkustundir til stuðnings í námshóp** eru fengnar með að því að setja 20 klst eða 50% starfshlutfall í hvern námshóp í 1.-6. bekk.

**Bókasafnsstundir** miðast við að hver námshópur fái hálfu vikustund yfir árið.

Mikilvægt er að skólar njóti sjálfstæðis við ráðstöfun þess kennslustundamagns sem úthlutað er hverju sinni. Stærð námshópa og samsetning þeirra, sem og ráðstöfun tímamagns til kennslu og stuðnings, verður ætíð að vera á valdi skólanna sem gæta þess að ráðstafa tímamagninu þannig að það nýtist nemendum og skólanum sem best.

8. desember 2014

Páll Björgvin Guðmundsson  
bæjarstjóri

Meit tynnvara skr. aðkvæðum  
bæjarstjóris 4.12.2014